

Góðan dag kærur ráðstefnugestir og bændur,

Kærar þakkir fyrir að fá að tala hér og segja frá reynslu minni með ræktun á lífrænum hampi á Steinaborg og möguleikum með hamp.

Ég gæti alveg eins kallað þennan fyrirlestur um hænur hesta og hamp.

1. Steinaborg

Áður en ég byrja á því langar mig að segja aðeins frá Steinaborg sem er mitt hjartans mál.

Steinaborg er lífrænt býli á Berufjarðarströndinni á Austfjörðum.

Faðir minn Kristmann Jónsson keypti bæinn 1969 og þá var ég ung stúlka. Ég elskaði þennan stað frá fyrstu tíð og hef yndilegar æskuminningar þaðan. 1969 var síðasta árið sem búið var á býlinu með hefðbundum búskapi en Steinaborg hefur alla tíð verið lífrænt býli. Einnig áður en það orð var fundið upp. Þar hefur skítur verið borin á tún alla tíð.

Frá því 1969 og þangað til 2014 eða næstum 50 ár var engin búskapur á Steinaborg heldur var Steinaborg notað sem sumarbústaður og stöð fyrir fjölskyldu okkar á sumrin.

Faðir minn Kristmann var trillusjómaður og gerði út trilluna sína á sumrin á Austfjörðum, lengst af frá Stöðvarfirði en hann réri í einnig út í Berufjörð og það kom fyrir að hann landaði aflanum á Steinaborg. Það er mér mjög minnisstætt að fá fiskinn beint frá bátnum og í pottinn og svo á diskinn.

Ég var meira að segja háseti hjá pappa tvö sumur sem var upplifun þó ég væri sjóveik. Og einnig bræður mínir.

2. Sjálfbærni

En hvernig stóð á því að farið var að rækta hamp á Steinaborg ?

Jú eins og oft er þá ráða tilviljanir oft ferð okkar hér í lífinu.

2014 ákvað elsti sonur minn að flytja austur og athuga hvort hann gæti sest að á Steinaborg. Það eina sem var á jörðinni var gamalt bæjarhús sem var byggt 1917. MYND

Það var hvorki rafmagn, hiti né vatn. Þannig að búskapurinn var frumstæður. Ég sjálf hef búið í Svíþjóð frá 1995 og þetta varð líka kærkomið tækifæri fyrir mig að koma heim til Íslands og hafa eigin stað fyrir mig og fjölskylduna.

Sonur minn Bergur Hrannar er mjög duglegur og ansi útsjónarsamur og einnig mjög þrjóskur og hefur hann kannski þá eiginleika að nokkru leyti frá móður sinni.

Við höfum leitast við frá upphafi að hafa **sjálfbæran búskap**. Fellst búskapurinn fyrst og fremst um sjálfbærni lífræna ræktun og vistræktrun (sem ég kem að síðar) og beina sölu frá býli. Fyrst voru kröfurnar um sjálfbærni af hálfu sonar míns ansi háar. En fljótlega kom í ljós að það er ekki svo auðvelt að vera fullkomlega sjálfbær á Íslandi. Ísland er kallt land það er kallt á veturna og það er rok og rigning. Og það koma harðir stormar á Austfjörðum. Þannig að rafmagn verður að vera til staðar. Við settum upp vindmyllu fyrsta sumarið sem gefur af sér smá rafmagn til að hafa ljós en við erum langt frá því sjálfbær með rafmagn. Við tókum inn rafmagn frá RARIK. En kannski í framtíðinni verðum við sjálfbær með rafmagn. Og ég vil nefna að það var heimarafstöð á Steinaborg og Fossgerði. Sú rafstöð var byggð fyrir stíð og var í gangi á milli þessara bæja þegar við bjuggum á Steinaborg á sumrin. En hún lagðist af þegar hætt var að búa í Fossgerði.

Vatnið erum við sjálfbær með á Steinaborg. Vatnið kemur úr lind bæði við og fyrir ofan bæinn og það er ekki til, vil ég meina, betra vatn. Mikið af steinefnum í því og því mjög holt.

Fyrir utan hund og seinna meir fleirri hunda voru fyrstu dýrin á Steinaborg landnámshænur eða haughænur sem þær voru kallaðar í gamla daga. Egg höfum við ekki þurft að kaupa á Steinaborg frá upphafi. Og ekki er hægt að tala um betri egg. Hæurnar ganga úti jafnt vetur sem sumar. Hæurnar éta allan matarúrgang nema kaffikorg og appelsínubörk lauk svo að ekkert fer til spillis á Steinaborg. Allur annar útgangur er settur í safnhauginn á bænum. Þá er ég komin að því sem er mikilvægt með alla ræktun og ekki síst lífræna ræktun. Það er áburður.

3. Hampur

Hampur. Upp úr 2019 var mikið talað um hamp og hamparækt í heiminum. Og má segja að um þær mundir kom hampurinn tilbaka sem jurt sem var í lagi að rækta. Hér á Íslandi er leyfilegt að flytja inn hampafræ frá því 2021.

Við sóttum formlega um lífræna aðlögun til Túns 2019 og höfum við verið í því ferli síðan. Öll tún hjá okkur og nýrækt eru nú orðin aðlöguð reglum túns og eru þessvegna lífræn líka í þeim skilningi. Það eina sem eftir er að aðlaga er i raun

beitiland sem verður allavega að hluta til breytt í nýrækt. Sem verður einnig aðlagað.

Það sem hjálpaði okkur varðandi ferlið var að Steinaborg hefur alla tíð verið skráð sem lögbýli. Þó að það hefði verið í eyði í öll þessi ár var það skráð þannig og það hjálpaði mikið til að komast inn í bændakerfið. Túnkort Steinaborgar var ennþá inni. Allar þrjár fínu sléttur. Mynd af gömlu sléttum.

Á Steinaborg notum við ekki hefðbundnar aðferðir við að setja niður hampafræ. Það sem við höfum gert er að blanda fræjum saman við moð sem er blanda af gömlu heyi ásamt skít, ég segi betur frá áburðargjöf aðeins seinna. Síðan dreifum við þessu á jörðina með taðdreifara. Þannig að við setjum fræin aldrei niður í moldina eins og gert er í hefðbundinni ræktun. Þetta hefur reynst sérstaklega vel með sáningu á hampafræum. Hampurinn er ræktaður undir moði og heyi. Þessi aðferð heldur öllu illgresi niðri. Myndir af hampasléttunni.

Við höfum einnig notað þessa aðferð þegar við setjum niður kartöflur og laukjurtir hjá okkur.

En þetta virkar ekki fyrir allar plöntur.

Kartöflurnar verða mjög stórar og hingað til alveg lausar við sjúkdóma. Þær virðast vaxa svona vel þar sem engin mold þrýstir að þeim. Þegar kartöfluuppskeran er tilbúin þurfum við ekki nein verkfæri heldur flettum við bara af moðinu og kartöflurnar koma nánast hreinar þar undan. MYND

4. Áburðargjöf.

Þá komum við að áburðargjöf.

Áburðargjöfin er fyrst og fremst skítur, þe hænsaskítur hestaskítur og kindaskítur. Þetta blandast saman við gamalt hey þannig að úr verður moð eða safnhaugur. MYNDIR AF skít. Þetta er sem sagt safnhaugagerð og nýtum við einig þara. Þarinn er sóttur í fjöruna okkar og er talsverð vinna við að safna honum saman og koma heim að bæ. Þarinn er alveg einstakur áburður með mikið af steinefnum sem er góður áburður fyrir jörðina.

(myndir af hænsanskít kindaskít og hestaskít)

Þessu er dreift á túnin og garðana okkar og alla nýrækt.

Hænsnin hjálpa einnig við áburðargjöfina, ekki bara með þeim hætti að þau gefa hænsnaskít heldur þar sem hænsin eru frjáls þá eru þau ætíð að leyta sér að æti og samtímis dreifa þau úr skítinum frá hinum húsdýrum á túnið. Af þessu skapast virkilega fínn áburður sem dreifir sér af sjálfsdáðum.

Við höfum haft færarleg hús fyrir hænsin sem þau hafa verið á grassléttunum á sumrin/vorin. Þessi aðferð hefur reynst vel þannig að hænsnin dreifðu vel úr hestaskít sem var á sléttunni ásamt því að vera duglegar að mosatæta. Þetta hefur gert það að verkum að sprettan hefur verið betri á túnunum. Túnin þar verða mun grænni þar sem hænsin dvöldu, og þar hefur sprottið gróskumikið gras sem hefur orðið gott hey. Þessi aðferð virðist hjálpa einnig að halda ormaálagi (sníkjudýraálagi) í lágmarki fyrir hestana. Við höfum aldrei þurft að gefa hestunum ormalyf.

Ég vil einnig segja frá annari aðferð sem við notum við ræktun sem kölluð er permaculture einnig regenerative agriculture landbúnaður á ensku og hefur öðlast nafnið VISTRÆKT á íslensku.

https://www.youtube.com/watch?v=6vQW8TI_KLc

Ég ætla að segja frá í stuttu máli hvað þessi ræktunaraðferð snýst um. Við eigum að nota jörðina eins og hún er og ekki taka neitt frá henni. Heilsa jarðarinnar er það mikilvægasta og við eigum að halda þeim efnum sem þarf í jörðinni. Dýrin sem lifa á jörðinni hjálpa við að viðhalda góðri heilsu jarðarinnar. Við þurfum að bæta heilsu jarðarinnar og eigum að sjá náttúruna og landbúnað í sameiningu. Vinna við landbúnað skiptir miklu máli varðandi umhverfið og verða bændur sjálfir að skilja hvaða áhrif breytingar í landbúnaði hafa á móður náttúru. Ríkt örveirulíf verndar það sem vex í moldinni. Og ríkt örveirulíf minnkar einnig hættu á sjúkdómum. Það er bara til bóta að lifandi rætur séu í jarðveginum. Ef móðir jörð er nakin gerir jörðin sitt besta til að þekja sjálfa sig með vexti, af jurtum sem við köllum illgresi. Jörðin vill ekki vera nakin. Neyðin kennir naktri konu að spinna og það er alveg eins með móður jörð.

Kolefni

Af hverju allt þetta tal um kolefni. Jú gjaldmiðill í jörðinni má segja sé byggður á kolefni. Hægt er að segja að það sem vex á jörðinni borgi skatt með því að sundra kolefnunum til að mata örveirulífið í jörðinni. Plönturnar fá svo tillbaka næringarefni frá örveirum. Ástandið er þannig núna í heiminum að það er of mikið koldíoxíð í andrúmsloftinu og of lítið af kolefnum í jörðinni. Við þurfum að breyta koldíoxíð í andrúmsloftinu til varanlegra kolefna í jörðinni.

Náttúran sjálf veit hvernig þetta er gert en núna verðum við að hætta að hindra móður jörð í því hlutverki og í staðinn hjálpa henni. Þannig eigum við að trufla jarðveginn eins lítið og mögulegt er.

Vistrækt (permacultur eða regernatívt ræktun) gengur út á það að einbeita sér að gefa móður náttúru það sem hún vill til að jörðin gefi okkur það sem við viljum fá tilbaka. Þetta er kjarnin í þessari tegund ræktunar. Við eigum að vinna með náttúrunni í stað þess að slást við hana.

Þessi aðferð hefur marga frumkvöðla út í heimi, ég get nefnt nokkra ef þið viljið googla á youtube og sjá hvernig þeir vinna. Ameríski bóndinn Gabe Brown sem hefur unnið svona í 20 ár, fleiri. [Richard Perkins](#) Svíþjóð [Swedish Homestead](#) Svíþjóð [Joel Salatin](#) USA [Justin Rhodes](#) USA [Edible Acres](#) USA

Bændur í hefðbundnum landbúnaði á Íslandi vinna án efa mjög vel en það er hægt að huga að öðrum aðferðum á tímum olíuhækkana og áburðarhækkana.

Ég vil einnig benda á að allir bændur geta notað þessa aðferð bæði við lífræna ræktun og hefðbundna ræktun.

Þess aðferð höfum við notað og er hún frábær til að rækta hamp. Og með þessum hætti sleppum við við allt illgresi. Það er hins vegar veðrið sem getur sett strik í reikninginn hér á Íslandi sem eru í raun ekkert nýtt. Allir bændur vita hvernig tíðin getur verið á Íslandi. Það koma rigningasumur. Við fengum mjög fína uppskeru af hampi í fyrra, 2021 einnig 2020, en 2021 var mjög hlýtt sumar og vor og spretta góð. Uppskeran í ár 2022 var ekki eins góð. Þannig að veðurfarið sem þar skiptir máli. Vorið og sumarið í ár var mun kaldara hjá okkur en miðað við 2021.

MYND

Við höfum verið með iðnaðarhamp í ræktun á Steinaborg í 3 ár síðan 2020.

Markmiðið og draumurinn er fyrst og fremst er að rækta hamp þannig að hægt sé að nota trefjarnar í föt. Við sendum sýni til Kína af fyrstu uppskeru en fengum þau svör að tefjarnar væru frekar stuttar þannig að það myndi ekki borga sig að framleiða efni út þessum trefjum. En við erum ekki búin að gefast upp með það. Og það eru fleiri tilraunir í gangi með trefjarnar.

Hvaða fræ notum við.

Við fengum frá upphafi þegar við byrjuðum fræ sem heitir **Finola** sem er finnskt og við haldið okkur við það það hefur reynst vel.

(CBD olía (canabídol) TCH minna en 0,2%) þetta er bara fyrir mig.

Við höfum haldið tilraunum okkar áfram og fyrir ári síðan einbeittum við okkur að blómunum til að fá CBD olíu. Við vildum einbeita okkur að kvenblómum til að fá blómin ófrjóvnguð og er það talsverð vinna við að tína burtu karlablómum til að láta kvenblómin blómgastr og vaxa í friði. Þessari vinnu höfum við nú verið í síðan 2021.

Ég tel að á Íslandi höfum við þróað kerfi fyrir bændur. Og Ég vil að endingu þakka fyrir þá hjálp og aðstoð sem við höfum fengið í gegnum ráðgjafastofuna og landbúnaðarkerfið. Það hefur hjálpað okkur mikið til að byggja okkar starfsemi. Starfsmenn þar eiga vikilega lof skilið. Þeir hafa frábæra menntun og eru sérfræðingar í sínu fagi. Við byrjuðum algjörlega með tvær hendur tómar. Og meira að segja hafði íbúðarhúsið okkar brunnið til ösku þegar við byrjuðum.

Ég vil þó benda á að það þarf einnig styrkjakerfi fyrir bændur sem eru komnir með lífræna ræktun. Það er oftast mikil þróunarvinna eftir fyrir lífræna ræktun þrátt fyrir að lífræni stimplillinn sé komin á landið. Við höfum á Íslandi nægilegt landrými, góðan jarðveg einnig hreint vatn og loft. Það væri gott að setja einnig fjármagn beint til bænda í lífrænni ræktun og styðja þannig við þá. Það er vitað mál að það er dýrara almennt að vera í lífrænni ræktun og uppskeran er enn í dag minni á hektara en í hefðbundni ræktun.

Vegna þeirrar góðu reynslu sem við höfum af aðlögunarkerfi landbúnaðarins varðandi lífræna ræktun vil ég eindregið hvetja aðra bændur að fara í lífræna aðlögun.

Afurðir úr hampi.

Ég er með fyrstu vöruna hér á sýningunni sem fer á markað frá okkur úr hampi sem er hampsalvi. Hann er unnin úr lífrænni kókósolíu, býflugnavaxi og CBD olíu. Við erum einnig með 100% vegan salva sem einungis er unnin úr kókósolíu og CBD olíu.

Við erum með bjartsýnar hugmyndir og ætlum að halda áfram með þróunarvinnu og fara út í húðkremaframleiðslu með hampi og einnig framleiða sápu. Öll framleiðslan er handgerð og beint frá býli. En ég hef einnig fengið einstaka búðir sem eru með handverk, í lið með okkur sem verða með hampsalva til sölu. Hér fyrir sunnan og fyrir austan.

Ég tel að það séu ótakmarkaðir og ótrúlegir möguleikar með hamp.

Það eru fleiri aðilar en við í Berufirði sem eru í hamprækt og hafa bændur til dæmis ræktað og selt hampte.

Það er þróunarvinna í gangi á Islandi til að framleiða byggingaefni út hampi. Við vitum öll að sterk reipi hafa verið framleidd og seld í Hampiðjunni. Þegar ég var að alast upp átti mamma mín tjald úr hampi níðsterk og er þriðji ættliður að nota það tjald.

Við á Steinaborg höfum enn sem markmið að framleiða föt úr lífrænum iðnaðarhampi.

Á meðan við getum ekki framleitt eigin trefjar í föt erum við byrjuð að flytja inn föt frá Svíþjóð sem eru blanda af hampi og bómul og eru þessi föt eða efnið sem fötun eru saumuð úr með sérstakri tækni sem nefnist 37.5 sem þýðir að líkamshitinn helst jafn þegar maður klæðist fötunum, bæði út og inni.

Hampur efni frá náttúrunni

Eiginleikar þessa náttúruafnis:

1. Náttúrulegt hráefni með engum aukaefnum sem skaða náttúruna
2. Efnið er bakteríufráhrindandi sem er mjög mikilvægt fyrir þá sem vinna á sjúkrahúsi
3. Fötin eru framleidd með tækni sem kallast 37,5 sem gerir það af verkum að líkamshitinn helst jafn. 37,5 tækni
4. Fötin þola 60 gr á C sem eru kröfur sjúkrahúsa

Aðferðin hefur verið notuð í sportfatnað og hjúkrunarbúninga. Hefur þessi blanda og tækni reynst mjög vel á því sviði. Þessi fatnaður myndi passa bændum sérstaklega vel.

Sendi hér af stað nokkur plögg sem þið megið gjarna þreifa á.

Nú er tíminn búin en ég gæti talað endalaust um hamp.

Ég þakka fyrir að þið hlutstuðum á mig og óska ykkur velkomin á básinn okkar hjá Vor þar sem við erum öll með ýmsar vörur sem eru ræktaðar með lífrænum hætti.

Ég enda hér með spurningum ef einhverjar eru.